

49. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn á skrifstofu Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12, Ísafirði og í fjarfundi. 5. desember 2022 kl. 10:00

Mætt voru til fundar Jóhann Ösp Einarsdóttir, formaður, Lilja Magnúsdóttir, Kristján G Jóakimsson, Magnús Ingi Jónsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Shiran Þórisson (öll í fjarfundi) en Nanný Arna Guðmundsdóttir mætti á skrifstofu.

Aðalbjörg Óskarsdóttir boðaði forföll á fundardegi og ekki tókst að boða varamann í hennar stað. Aðalsteinn Egill Traustason (fjarfundur), boðaði að honum myndi seinka komu sinni á fundinn einnig voru mætt Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri en þau rituðu fundargerð.

Einnig mættur til fundar Finnur Ólafsson sem áheyrnarfulltrúi Kaldrananeshrepps.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Dagskrá.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða – nýjar áherslur
2. Nýtt skipurit Vestfjarðastofu
3. Mannauðsmál Vestfjarðastofu
 - a. Siðareglur stjórnar og starfsmanna
 - b. Jafnréttisstefna Vestfjarðastofu
4. Drög að samningi við Íslandsstofu
5. Drög að samningi við Byggðastofnun
6. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. Fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2023
 - b. Drög að starfsáætlun Vestfjarðastofu 2023

Fundur stjórnar FV

7. Beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga um varafulltrúa í svæðisráð um strandsvæðaskipulag.
8. Greinargerð um Sóknaráætlanir landshluta
9. Lagt fram til kynningar
 - a. Greinargerð Sóknaráætlana landshluta 2021
 - b. Fundargerð 84. fundar stjórnar SSNV 1. nóvember 2022
 - c. Fundargerð – 44. fundar stjórnar SSNE 16. nóvember 2022 -
 - d. 589. stjórnarfundur SASS. 4. nóvember 2022
 - e. 783. Stjórnarfundur SSS 16. nóvember 2022
 - f. 546. Stjórnarfundur SSH 07. Nóvember 2022
 - g. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga Drög að frumvarpi til laga um stefnumarkandi stefnur.
10. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir
 - b. Umsagnarbeiðnir

- i. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða, 397. mál.
- ii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar þingsályktunar um öruggt farsímasamband á Þjóðvegum, 46. mál.
- iii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurvinnslu í hringrásarhagkerfinu, 34. mál.
- iv. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um fiskeldi og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (heimildir til bráðabirgðaráðstafana o.fl.), 390. mál.
- v. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um Sundabraut, 60. mál.
- vi. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 56. mál.
- vii. Innviðaráðuneytið, leggur fram til umsagnar í samráðsgátt Grænbók í sveitarstjórnarmálum. Frestur til að skila umsögn er settur til 16. desember n.k.

Formaður setti fundinn og spurði hvort athugasemdir væru við fundarboð eða gögn fundarins, engar athugasemdir komu fram.

Formaður óskaði eftir afbrigðum við dagskrá og leggja fyrir fundargerðir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða. Tillagan samþykkt.

Formaður óskaði eftir að taka 3. lið fyrst til umræðu, tillagan samþykkt.

Dagskrá.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Mannauðsmál Vestfjarðastofu

- a. Siðareglur stjórnar og starfsmanna.

Drög að siðareglum stjórnar og starfsmanna lagðar fram til umræðu og óskað eftir ábendingum stjórnar við hvern lið.

Til máls tóku auk formanns; Elísabet, Lilja, Aðalsteinn, Shiran, Nanný og Kristján

Lögð fram tillaga um stofnun starfshóps um endurskoðun á gildandi starfsreglum fyrir stjórn og starfshópa og samræma við nýjar siðareglur og jafnréttisstefnu. Tillagan samþykkt og óskað eftir tilnefningu í starfshópinn, fram komu tillögur um Magnús, Elísabet og Lilju, Magnús verði formaður. Tillagan samþykkt.

- b. Jafnréttisstefna Vestfjarðastofu

Formaður lagði til að drög að jafnréttisstefnu Vestfjarðastofu sem eru í gögnum fundarins, verði vísað til umfjöllunar hjá nýjum starfshópi samkvæmt a. lið 3. liðar og verði lögð fyrir stjórn að nýju samhliða. Stjórnar lögð fram lögð fram til kynningarumræðu og óskað eftir ábendingum stjórnar við hvern lið.

Til máls tóku auk formanns; Elísabet, Lilja, Aðalsteinn, Shiran, Nanný og Kristján

Finnur Ólafsson vék af fundi eftir afgreiðslu þessa liðs.

2. Endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða – nýjar áherslur

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað vegna endurskoðunar sóknaráætlunar og áhersluverkefni ársins 2023 og 2024. Í minnisblaði er lagt til að stjórn skipi þrír fulltrúa úr stjórn til að vinna með starfsmönnum Vestfjarðastofu við endurskoðun á áherslum Sóknaráætlunar og til að ákveða áhersluverkefni áráanna 2023 og 2024. Áhersluverkefni verði síðan lögð fyrir stjórn til samþykktar á fundi stjórnar seinni hluta janúar.

Stjórn samþykkir tillögur minnisblaðs og skipar Shiran, Nanný og Jóhönnu til að vinna með starfsmönnum við endurskoðun á áherslum og ákvörðun áhersluverkefna. Stjórn verði upplýst um vinnu starfshópsins.

Til máls tóku auk formanns, Shiran, Elísabet, Lilja.

3. Nýtt skipurit Vestfjarðastofu

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að nýju skipuriti Vestfjarðastofu og fór yfir rökstuðning með breytingum frá skipuriti Vestfjarðastofu í dag. Gerði framkvæmdastjóri tillögu um að vísa tillögunni til umfjöllunar stjórnar fram að næsta stjórnarfundum þar sem tillagan komi til afgreiðslu.

Tillagan samþykkt.

Til máls tóku auk formanns, Nanný, Shiran, Lilja og Elísabet.

4. Drög að samningi við Íslandsstofu

Lögð fram drög að samningi við Íslandsstofu og Vestfjarðastofu um stuðning við fjárfestingaverkefni á vegum landshlutasamtaka og atvinnuþróunarsviða.

Framkvæmdastjóri óskaði heimildar stjórnar til að staðfesta samninginn.

Formaður gerði tillögu um að stjórn heimilar framkvæmdastjóra að undirrita samninginn. Stjórn hvetur til breiðara samtals um samstarf við Íslandsstofu að þróun hins útflutningsdrifna hagkerfis Vestfjarða.

Tillagan samþykkt.

Til máls tóku auk formanns, Shiran, Kristján, Nanný og Elísabet

5. Drög að samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðþróun.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að samningi við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðþróun. Einnig fór framkvæmdastjóri yfir nýja reiknireglu Byggðastofnunar um skiptingu fjármagns til atvinnu- og byggðþróunar.

Lögð fram tillaga að bókun.

Stjórn Vestfjarðastofu heimilar framkvæmdastjóra að undirrita samning að eftir staðfestingu í tölvupósti.

Stjórn Vestfjarðastofu furðar sig á því að framlög svæðisins lækki jafn mikið og raun beri vitni á sama tíma og svæðið hefur alls ekki náð jafnri stöðu við aðra landshluta hvað varðar íbúðþróun, innviði og möguleika til nýsköpunar og þróunar. Jafnframt hvetur stjórn Vestfjarðastofu stjórnvöld til auka fjármagn til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni

í ljósi þeirrar miklu skerðingar sem orðið hefur á fjármögnun ráðgjafarinnar síðustu ár vegna launaþróunar og verðlagshækkana.

Tillagan samþykkt.

Til máls tóku auk formanns, Lilja, Magnús, Nanný, Shiran

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

a. Fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2023

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu 2023 með fyrirvörum um samninga sem eru enn í drögum og hafa verið kynntir fyrir á fundinum auk mögulegar breytingar á uppsetningu vegna breytinga á skipuriti. *Stjórn samþykkir framlögð drög með þeim fyrirvörum sem settir eru og heimilar framkvæmdastjóra að ljúka gerð fjárhagsáætlunar og leggja fram á næsta stjórnarfundum.*

Til máls tóku auk formanns, Shiran, Nanný

b. Drög að starfsáætlun Vestfjarðastofu 2023

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að starfsáætlun Vestfjarðastofu 2023 til kynningar. Fram kom að starfsmenn nýta desember til að fullgera starfsáætlun og tillaga að starfsáætlun verður lögð fram á næsta stjórnarfundum. Rætt um forgangsröðun og framsetningu áherslna í ljósi samspils verðmætasköpunar, nýsköpunar og markmiða stjórnvalda (ríkis og sveitarfélaga) í loftlags og umhverfismálum.

Til máls tóku auk formanns, Nanný, Elísabet, Shiran og Kristján

Shiran og Kristján véku af fundum.

Fundur stjórnar FV

7. Beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga um varafulltrúa í svæðisráð um strandsvæðaskipulag.

Framkvæmdastjóri kynnti beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. nóvember s.l. um skipan varafulltrúa með Aðalsteini Óskarssyni. Tillaga gerð um Jóhönnu Ösp Einarsdóttur, Reykhólahreppi, tillagan samþykkt.

8. Greinargerð um Sóknaráætlanir landshluta

Lagt fram til kynningar.

9. Stofnun sjálfbærniráðs og tilnefning í sjálfbærniráð og tilnefning í starfshópinn „Öflug sjúkrahúspjónusta í dreifbýli á vegum heilbrigðisráðuneytis.

Lagður fram tölvupóstur frá Forsætisráðuneyti dags 17. nóvember og bréf ráðuneytisins frá 16. nóvember s.l. með ósk um tilnefningu í Sjálfbærniráð. Einnig kynnt að stofnun Sjálfbærniráðs þann 1. desember s.l.. Óskað tilnefningar fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Stjórn samþykkir að aðalfulltrúi verði Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Lilja Magnúsdóttir til vara.

Lagður fram tölvupóstur dags 8. nóvember s.l. frá heilbrigðisráðuneyti um tilnefningu landshlutasamtaka á Austfjörðum og Vestfjörðum í starfshópinn „Öflug sjúkráðgjafar í dreifbýli“.

Formaður gerði að tillögu að Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofu væri tilnefnd í starfshópinn að hálfu Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Tillagan samþykkt.

10. Lagt fram til kynningar

- a. Fundargerð 84. fundar stjórnar SSNV 1. nóvember 2022
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-86-fundar-stjornar-ssnv-1-november-2022>
- b. Fundargerð – 44. fundar stjórnar SSNE 16. nóvember 2022 -
<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE22/fundargerð-44-fundar-ssne.pdf>
- c. 589. stjórnarfundur SASS. 4. nóvember 2022 - <https://www.sass.is/589-fundur-stjornar-sass/>
- d. 783. Stjórnarfundur SSS 16. nóvember 2022 - <https://sss.is/blog/fundir/783-stjornarfundur-sss-16-november-2022/>
- e. 546. Stjórnarfundur SSH 07. Nóvember 2022 -
<https://ssh.oneportal.is/MeetingSearch/DisplayMeeting.aspx?id=ZhDSoS6ukeDCy8iCsCA4w1&text=>
- f. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga Drög að frumvarpi til laga um stefnumarkandi stefnur. [umsogn-um-frumvarp-til-laga-um-stefnumarkandi-aaetlanir-s-2102022.pdf](https://samband.is/umsogn-um-frumvarp-til-laga-um-stefnumarkandi-aaetlanir-s-2102022.pdf)
(samband.is)

11. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir
Lögð fram umsögn til efnahags og viðskiptanefnd Alþingis, um tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingarvernd í kjölfar náttúruhamfara, mál 231.
- b. Umsagnarbeiðnir
 - i. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða, 397. mál.
Umsögn berist **eigi síðar en 1. desember**. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis; <https://www.althingi.is/altext/153/s/0434.html>
Samþykkt að senda ekki umsögn.
 - ii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar þingsályktunar um öruggt farsímasamband á þjóðvegum, 46. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 2. desember nk**.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0046.pdf>
Málið er endurflutt frá síðasta þingi og þá var send umsögn sem gildir áfram.
 - iii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurvinnslu í hringrásarhagkerfinu, 34. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 2. desember nk.
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0034.pdf>

Samþykkt að senda ekki umsögn.

- iv. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um fiskeldi og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða (heimildir til bráðabirgðaráðstafana o.fl.), 390. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en **2. desember nk.**

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0419.pdf>

Samþykkt að senda ekki umsögn.

- v. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um Sundabraut, 60. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 8. desember nk.** Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0060.pdf>

Samþykkt að senda ekki umsögn.

- vi. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 56. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en **8. desember nk.** á netfangið

nefndasvid@althingi.is. Þingskjalið hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/153/s/0056.html>

Málið er endurflutt frá síðasta þingi og þá var send umsögn sem gildir áfram.

- vii. Innviðaráðuneytið, leggur fram til umsagnar í samráðsgátt Grænbók í sveitarstjórnarmálum. Frestur til að skila umsögn er settur til 16. desember n.k.

Skjalið er í samráðsgátt [samráðsgátt stjórnvalda](#) Þessu tengt er hefur verið tekin saman efni samráðsfunda Vörðum leiðina og það efni á vef ráðuneytisins [á vefsvæði ráðuneytisins](#)

Samþykkt að skoða gerð umsagnar um þau atriði sem varða málefni landshlutasamtaka.

12. Önnur mál

Fundargerðir Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Lagðar fram til kynningar þrjár fundargerðir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða í nóvember s.l., varðandi úthlutun styrkja fyrir árið 2023. Alls var úthlutað kr 54.150.000,- þar af hafði áður verið úthlutað í fjölársstyrkjum kr 11.850.000,-, nýir styrkir nema kr 43.300.000,-.

Úthlutunarnefnd beinir einnig ábendingum til stjórnar Fjórðungssambandsins um lagfæringar á úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs og á umsóknareyðublaði.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur ekki athugasemdir við framkvæmd úthlutunar fyrir árið 2023 og þakkar úthlutunarnefnd fyrir vel unnin störf. Stjórn Fjórðungssambands beinir því síðan til framkvæmdastjóra að hefja vinnu að endurskoðun úthlutunarreglna Uppbyggingarsjóðs á grundvelli ábendinga nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.55

Fullgild rafræn undirskrift

MAGNÚS INGI JÓNSSON

Kennitala: 180692-4529
2023-01-06 12:15:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

LILJA MAGNÚSDÓTTIR

Kennitala: 140860-3529
2023-01-06 12:37:26 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

NANNÝ ARNA GUÐMUNDSDÓTTIR

Kennitala: 100870-3639
2023-01-06 14:29:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

JÓHANNA ÖSP EINARSDÓTTIR

Kennitala: 030285-2479
2023-01-18 10:47:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGRÍÐUR ÓLÖF KRISTJÁNSDÓTTIR

Kennitala: 120567-5789
2023-01-06 11:46:29 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ELÍSBET GUNNARSDÓTTIR

Kennitala: 120358-3409
2023-01-06 11:57:48 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTJÁN GUÐMUNDUR JÓAKIMSSON

Kennitala: 190258-2549
2023-01-06 12:05:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

NEIL SHIRAN K ÞÓRISSON

Kennitala: 311077-5709
2023-01-06 12:07:16 GMT
Ástæða: Undirskrift